

Sveitarstjóri Dalir

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: þriðjudagur, 27. mars 2018 13:46
To: Anna Björg Guðjónsdóttir
Cc: Thorhallur Hinriksson; Höskuldur Eiríksson
Subject: RE: Laugar Sælingsdal

Sæl Anna Björg

Það er verið að stofna þær frístundahúsalóðir á Laugum sem ekki höfðu verið stofnaðar. Síðan er verið að stækka/stofna lóð umhverfis vatnsbólið í Sælingsdalstungu.

Þú átt væntanlega við fastanúmer 211-7487, það er ekki verið að skipta þessu í tvær eignir en frístundalóðunum er skipt frá þessu fastanúmeri.

Ég kann ekki lagamálið og átta mig ekki á hvað „sérstök sameign“ inniber. Hefði haldið að um sé að ræða almenna sameign ef það hugtak er til.

mbk
Sveinn

From: Anna Björg Guðjónsdóttir <anna@bba.is>
Sent: 27. mars 2018 13:05
To: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjóri@dalir.is>
Cc: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlon.is>; Höskuldur Eiríksson <hoskuldur@bba.is>
Subject: RE: Laugar Sælingsdal

Sæll Sveinn,

Bestu þakkir fyrir póstinn.

Varðandi söluna á eigninni sem er skráð 50% á Dalabyggð og 50% á Bergljótu, þ.e. söluna á Laugum fastanúmer 211-4787, þá hefur það verið okkar skilningur að samþykki allra sameigenda þurfi að liggja fyrir vegna ákvörðunar um sölu, sbr. almennar reglur um ráðstöfun eigna í sérstakri sameign.

Getur þú frætt mig aðeins nánar um það hvaða fasteignaskráningarmálum er verið að ganga frá? Á að skipta eigninni með fastanúmerinu 211-4787 upp í tvær eignir?

Kær kveðja,
Anna Björg

I BBA

Anna Björg Guðjónsdóttir, hdl.
Associate

// Höfðatorgi, 19. floor // 105 Reykjavík // Iceland
// Direct +354 550 0517 // Mobile +354 848 1015
// Vcard // www.bba.is // Fyrirvari/Disclaimer

From: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>
Sent: 27. mars 2018 11:07
To: Anna Björg Guðjónsdóttir <anna@bba.is>
Cc: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlon.is>; Höskuldur Eiríksson <hoskuldur@bba.is>
Subject: RE: Laugar Sælingsdal

Sæl Anna Björg

Ég er að bíða eftir niðurstöðu sveitarstjórnarráðuneytisins vegna stjórnýslukæru og bíð með að svara síðustu spurningunni þar til niðurstaðan liggur fyrir.

Staðfesti að Dalabyggð hefur lagt meira en 10 millj. kr. í viðhald á Laugum á síðustu árum, nú síðast frágangur á nýjum heitum potti sem UMFÍ lagði áherslu á að fá.

Dalabyggð hefur látið gera mat á áformaðri fjárfestingu og fjármögnum vegna hennar.

Við lítum ekki þannig á að Bergljót þurfi að samþykkja sölu. Hins vegar erum við að ganga frá fasteignaskráningarmálum sem eðlilegra er að gera áður en kaupsamningar eru undirritaðir. Það gengur þokkalega, hún hefur ekki undirritað lóðarleigusamning fyrir Laugafell og ekki sent mér óskir sínar um skiptingu frístundahúsalóða. Annað er í farvegi hjá Þjóðskrá.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is

Fyrirvari:
Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.
Disclaimer:
This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.
Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

From: Anna Björg Guðjónsdóttir <anna@bba.is>
Sent: 25. mars 2018 13:12
To: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>
Cc: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlon.is>; Höskuldur Eiríksson <hoskuldur@bba.is>
Subject: RE: Laugar Sælingsdal

Sæll Sveinn,

Það væri gott að fá frá þér skriflegar staðfestingar um þau atriði sem nefnd hafa verið hér að neðan, þ.e. að sveitarfélagið hafi uppfyllt skyldu 66. gr. stjórnýslulaga um framkvæmd á mati á áhrifum af sölu og að Dalabyggð hafi lagt 10 m.kr. í viðhald utanhúss sbr. húsaleigusamninga við Ungmenna- og tómstundabúðir.

Að sama skapi væri gott að fá upplýsingar um stöðuna á samþykki Bergljótar, eiganda að helmingshlut að Laugar jörð, fyrir sölu. Ef það eru einhver sérstök álitamál þar sem þú telur rétt að upplýsa okkur um eða fá okkar álit á þá lætur þú mig vita.

Sem fyrr þá er lítið mál að ræða þessi mál aðeins í síma ef þú óskar. Þú nærð alltaf á mig í síma 848-1015.

Bestu kveðjur,
Anna Björg

I BBA

Anna Björg Guðjónsdóttir, hdl.
Associate

// Höfðatorgi, 19. floor // 105 Reykjavík // Iceland
// Direct +354 550 0517 // Mobile +354 848 1015
// Vcard // www.bba.is // Fyrirvari/Disclaimer

From: Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>
Sent: 19. mars 2018 11:06
To: Anna Björg Guðjónsdóttir <anna@bba.is>
Cc: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlon.is>; Höskuldur Eiríksson <hoskuldur@bba.is>
Subject: Re: Laugar Sælingsdal

Sæl
Ég hef ekki haft tíma til að skoða þetta til hlítar, var í leyfi á föstudag og upptekinn á fundum í dag. Skoða þetta í
fyrramálið.
Mbk
Sveinn

Sent from my iPhone

On 18 Mar 2018, at 22:48, Anna Björg Guðjónsdóttir <anna@bba.is> wrote:

Sæll Sveinn,

Samkvæmt mínum upplýsingum þá hafið þið Þórhallur rætt saman um álitmál er tengjast jarðhita og
grunnvatni og að skilningur aðila sé á þá leið að þetta sé undir þeim mörkum sem rædd hafa verið. Það
er því ekki þörf á því að þú staðfestir slíkt sérstaklega í tölvupósti til mín.

Bestu kveðjur,
Anna Björg

<image001.jpg>

Anna Björg Guðjónsdóttir, hdl.
Associate

// Höfðatorgi, 19. floor // 105 Reykjavík // Iceland
// Direct +354 550 0517 // Mobile +354 848 1015
// Vcard // www.bba.is // Fyrirvari/Disclaimer

From: Anna Björg Guðjónsdóttir
Sent: 16. mars 2018 14:54
To: 'sveitarstjori@dalir.is' <sveitarstjori@dalir.is>

Cc: 'Thorhallur Hinriksson' <th@arnarlon.is>; Höskuldur Eiríksson <hoskuldur@bba.is>

Subject: RE: Laugar Sælingsdal

Sæll Sveinn,

Hefur þú haft tök á því að renna í gegnum neðangreindan tölvupóst, og þá sérstaklega álitamál í tengslum við jarðhita og grunnvatn og hvort að réttindi sem fylgja hinum seldu fasteignum séu innan þeirra marka sem lög heimila?

Bestu kveðjur,
Anna Björg

<image002.jpg>

Anna Björg Guðjónsdóttir, hdl.
Associate

// Höfðatorgi, 19. floor // 105 Reykjavík // Iceland
// Direct +354 550 0517 // Mobile +354 848 1015
// Vcard // www.bba.is // Fyrirvari/Disclaimer

From: Anna Björg Guðjónsdóttir

Sent: 15. mars 2018 18:32

To: 'sveitarstjori@dalir.is' <sveitarstjori@dalir.is>

Cc: 'Thorhallur Hinriksson' <th@arnarlon.is>; Höskuldur Eiríksson <hoskuldur@bba.is>

Subject: Laugar Sælingsdal

Sæll Sveinn,

Bestu þakkir fyrir samtalið í dag.

Í framhaldi af samtali kemur hér smá samantekt á gildandi lagaumhverfi í tengslum við framsal á eignarrétti á jarðhita og grunnvatni. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er sveitarfélögum óheimilt að framselja með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsparfir. Frá þessu eru tilteknar undantekningar sem fram koma í 10. gr. og 14. gr. sömu laga. Landeiganda er heimilt að nýta allt að 3,5 MW af jarðhita í eignarlandi. Að sama skapi er landeiganda heimilt að nýta grunnvatn í eignarlandi, allt að 70 ltr./sek.

Við vorum að kalla eftir upplýsingum um það hvort að sveitarfélagið hefði framkvæmt mat á því hvort að þær fasteignir sem nú eru til sölu og þau réttindi sem samhliða eru framseld séu ekki örugglega innan þeirra marka sem lög heimila, hvað varðar jarðhita og nýtingu grunnvatns. Þú mættir gjarnan kanna þetta og heyra í okkur.

Þú mættir einnig staðfesta við mig í tölvupósti og/eða senda viðeigandi gögn sem staðfesta að sveitarfélagið hafi fullnægt skyldu 66. gr. stjórnýslulaga um að framkvæma mat á áhrifum af sölu fasteignanna þar sem fjárhæð þeirra fer yfir 20% af skatttekjum.

Að lokum, fram kemur í 10. gr. húsaleigusamnings við Ungmenna- og tólmstundabúðir um leigu á hótélrymi frá 1. september til 31. maí ár hvert að Dalabyggð hafi ætlað að setja 10 [m.kr.](#) í viðhald

utanhúss. Umræddur leigusamningur er frá maí 2011. Getur þú staðfest að viðhald hafi farið fram fyrir þessa fjárhæð eða eftir atvikum upplýst okkur um hversu mikið stendur eftir?

Ef að þú vilt ræða þetta betur í síma er það alveg sjálfsagt. Þú nærð alltaf á mig í síma 848-1015.

Kær kveðja,
Anna Björg

<image002.jpg>

Anna Björg Guðjónsdóttir, hdl.
Associate

// Höfðatorgi, 19. floor // 105 Reykjavík // Iceland
// Direct +354 550 0517 // Mobile +354 848 1015
// Vcard // www.bba.is // Fyrirvari/Disclaimer